

pund; en það var svo góð stæling, að fáir gátu séð, að það voru ekki demantar, nema máske demantasalar, og þó ekki allir”.

“Hélt frú Chicot, að steinarnir væru ósviknir?”

“Eg veit það ekki. Eg sagði henni ekkert um hálsbandið. Eg sendi henni það sem leikkonu, er virða yfirsýnið jafnt sannreyndinni”.

“Spurði frú Chicot ekki um sannvirði gjafarinnar?”

“Gjöfin var gefin og þegin í þögn”.

“Er þetta alt, sem þér hafið að segja?”

“Já, það er alt”.

Næsta vitnið var Mosheh, demantasalinn. Hann sagði glögt og greinilega frá manninum, sem komið hefði að bjóða sér demantana, og meðal þeirra voru summir svo stórir, að þeir voru eftirsóknarverðir fyrir þjófa. Manninum, sem kom með þá, brá sýnilega, þegar hann vissi, að þeir voru ekki hreinir, heldur stæling”, sagði hann.

“Gætuð þér þekt þenna mann aftur?” spurði dómariinn.

“Eg held eg gæti það”.

“Var það fanginn?”

“Nei, það var maður milli 50 og 60 ára”.

“Hefir nokkur mynd af Desrolles?”

“Já, svaraði einn lögregluþjónninn; frú Evitt hefir fengið okkur tvær myndir. Aðra hefir spæjarinn, sem er að leita að Desrolles; hin er hér”.

Myndin var rétt að vitninu”.

“Já”, sagði Mosheh, “ég held að það sé sama andlitið. Maðurinn, sem til mín kom, hafði sitt grátt skegg, sem huldi neðra hluta andlitsins og gerði hann ellilegri. Eg held að skeggið hafi verið falskt, en eg er samt næst því sannfærður um, að það er sami maðurinn. Efri hluti andlitsins er all-einkennilegur, og ég held mér skjátli ekki”.